

Samantekt frá foreldrafundi sem var 27. september frá 8:15-10:15

Björg leikskólastjóri:

Rætt var um framkvæmdir. Lundaból er 27 ára núna í október og undanfarin 2 til 3 ár hefur mikið verið gert og þær endurbætur sem hafa verið framkvæmdar koma mjög vel út. Við eigum 2 ár eftir, næst á dagskrá er að teikna og hanna austur útileiksvæðið og skipuleggja afgirt ungbarnasvæði. Einnig á að klára að skipta út gólfduík á miðrymi, eldhúsi og deild þar sem elstu börnin eru, ásamt því að klára loftlýsingu og loftaklæðningar.

Í vetur verða 63 börn í Lundabóli og 20 kennarar og af þeim eru 16 með menntun til að starfa með börnum (11 leikskólakennarar, þroskaþjálfari, grunnskólakennari og myndlistarkona, tveir leikskólakennaranemar). Mjög flott starfsmannastaða og gott andrúmsloft.

Leikskólapúlsinn lagði könnun fyrir foreldra í mars 2019 og var svörun foreldra til fyrirmyndar á allan hátt. Lundaból skoraði vel yfir landsmeðaltal í nánast öllum liðum og fékk stjörnumerkingu s.s vel vel yfir í liðnum

- Ánægja foreldra með leikskólann :
- Upplýsingamiðlun- tölvupóstur, deildarfréttir, upplýsingatafla í andyri og spjall við kennara eða aðgengi foreldra að kennurum.
- Sýnilegir stjórnendur og aðkoma þeirra að starfinu-

Það sem kom aðeins undir landsmeðaltali :

- Þekking foreldra á stefnu og sýn leikskólans
- Heimasíðan og facebook sem við þurftum að hætta með

Við fögnum því að foreldrar hafa áhuga á að þekkja betur stefnu okkar og sýn og mikilvægt að hafa svona fund til að miðla áherslum og kynna starf vetrarins. Við höfum ekki viljað sérhæfa okkur í einhverju einu heldur höldum öllu opnu og skoðum það nýjasta hverju sinni. Í vetur verður áhersla lögð á náttúruskoðun, útikennslu, sjálfbærni, núvitund, vináttu og stærðfræði svo eitthvað sé nefnt.

Ásamt því að skoða grunnþætti menntunar : jafnrétti, sköpun, lýðræði, læsi.

Við höfum stofnað opna like síðu á facebook til að kynna aðeins starfið. Við setjum ekki andlitsmyndir af börnunum eða annað einkenni en þið komið vonandi til með að þekkja ykkar barn.

Sara Bjargardóttir, talmeinafræðingur hjá Garðabæ, var með erindi um málproska barna.

Þar talaði hún um mikilvægi samveru barna og foreldra. Góð og uppbyggileg samvera getur bæði verið innkaupaferð í Bónus eða gæðastund heima við bókarlestur ... svo lengi sem tíminn er nýttur til þess að tala saman.

Þegar börnin eru tekin með í daglegu verkin sem bíða flestra eftir vinnudaginn, þá má gefa sér að það tekur okkur lengri tíma að ljúka þeim verkum. Að fá barnið með sér í að elda matinn, brjóta saman þvottinn eða versla tekur kannski lengri tíma fyrir okkur, en jafnvel ekki meira en 10 mínútur. Þessi tími er hins vegar mjög dýrmætur þar sem við getum spjallað um heima og geima og lagt inn mikinn orðaforða og skilning hjá barninu.

Bókalestur er eitthvað sem Sara mælir sterktlega með og leggur áherslu á að við lesum fyrir börnin frá fæðingu og allt fram á unglingsaldur. Með þessu skapast nán samvera, grundvöllur fyrir spjall og vangaveltur, þarna þjálfast skilningur, orðaforði, uppbygging setninga og máltjáning.

Sara vitnaði í rannsókn sem gerð var í Bretlandi fyrir einhverjum árum síðan. Þar var niðurstaðan sú að foreldrar tala að meðaltali í 5 mínútur á dag við börnin sín. Sláandi tölur! Þá er verið að meina alvöru samtal, ekki neitt sem felur í sér „gerðu þetta og hitt“ boðskipti.

Það sem við getum því dregið úr þessu erindi hennar Söru er að við þurfum kannski flest að auka samtöl við börnin okkar. Allir græða á því. Góður málskilningur og orðaforði er svo mikill grunnur fyrir allt nám barna og það er að miklu leiti í höndum foreldra að sinna því.